

Reglur um val í A og B landslið DSÍ

1. grein

Nýtt A og B landslið er valið af DSÍ ár hvert og gildir valið frá fyrsta Íslandsmóti ársins og fram að fyrsta Íslandsmóti ársins á eftir.

2. grein

Þau pör sem eru í 1. eða 2. sæti í keppnisflokkinum unglingar II, ungmenni og fullorðnum (meistaraflokkar) verða valin í A landsliðið. Pör sem eru í 3. og 4. sæti verða valin í B landsliðið. Þetta á við um Íslands- og Bikarmeistaramót í latin og ballroom dönsum ásamt Íslandsmeistaramótinu í 10 dönsum en þá er aðeins valið 1. og 2. sætið.

3. grein

Par í flokki ungmenna getur ekki tekið sæti í landsliðinu í flokki fullorðinna. Par sem fyrir neðan er fær þá landsliðsréttinn.

4. grein

Pörin sem lenda í 1. og 2. sæti í meistaraflokki í latin og ballroom dönsum á Íslandsmeistaramóti DSÍ fá þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramót. Pör sem lenda í 3. og 4. sæti verða varasæti ef 1. eða 2. sætið fara ekki. Ef par í varasæti nýtir þátttökurétt sinn er það flutt í A landsliðið.

Par sem lendir í 1. sæti í meistaraflokki á Íslandsmeistaramóti DSÍ í 10. dönsum fær þátttökurétt á Heims- og Evrópumeistaramóti og Heims- og Evrópubikarmóti. Parið sem lendir í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

5. grein

Par sem lendir í 1. sæti í meistaraflokki á Bikarmeistaramóti DSÍ fær þátttökurétt á Heims- og Evrópubikarmóti. Parið sem lendir í 2. sæti verður varasæti ef 1. sætið fer ekki.

6. grein

Séu einhver þessara móta þ.e. Heims- og Evrópumeistaramót, Heims- og Evrópubikarmót haldin fyrr á árinu en réttur til að fara samkvæmt 4. og 5. grein er stjórn DSÍ heimilt að ákveða að samhliða ákveðnum keppnum verði um úrtökumót að ræða eða halda sér úrtökumót sem gildi varðandi rétt til að fara á keppnir sem taldar eru upp hér í þessari grein og skal það tilkynnt sérstaklega í auglýsingu fyrir mótin og til aðildafélaga.

7. grein

Ef ekkert þeirra para sem rétt hafa skv 3. til 5. grein ákveða að nýta rétt sinn til að fara á Heims- og Evrópumeistaramót skal stjórn DSÍ fara í sætin fyrir neðan varasætin. Ákveði par í einhverju því sæti að nýta réttinn skal það sjálfvirktt verða valið í B landslið DSÍ og tekur það val gildi um leið og svar frá parinu berst.

8. grein

Stjórnir aðildarfélaga geta komið með tillögur til stjórnar DSÍ til að bæta pörum inni A landsliðið en pörum verður ekki bætt við B landsliðið.

Við ákvörðun um hvort bæta skuli við pari í A landsliðið skal einungis taka til greina par/einstakling sem hefur verið í tveimur efstu sætum á móti hérlendis á síðustu tveimur árum. Að auki skal tekið mið af fyrri árangri á keppnum erlendis, hvort annar aðillinn eða báðir hafi áður verið í landsliðinu og reglum fyrir landsliðið hafi verið fylgt, markmiðum parsins og áætlunum um æfingar og/eða þátttöku í keppnum innanlands og erlendis. Áður en ákvörðun er tekin skal leita umsagnar landsliðsþjálfara.

Tillögum skal skilað á umsóknareyðublöðum á vefsíðu DSÍ.

Landsliðsþjálfari getur ákveðið að þar sem hefur verið valið í B landsliðið skv. 2. grein verði flutt í A landsliðið. Við slíka ákvörðun skal m.a. líta til frammistöðu á æfingum, árangri í mótum og mati á möguleikum parsins til að bæta sig.

9. grein

Dansþörin sem ávinna sér keppnisrétt munu fá bréf frá DSÍ þar sem tilgreindur verður sá frestur sem parið hefur til að tilkynna hvort þau ætli að nýta sér keppnisréttinn.

DSÍ greiðir fasta upphæð sem ákveðin er hverju sinni þeim sem unnið hafa þátttökurétt á Heimsmeistara og Evrópumeistararmót.

10. grein

Til þess að danspar öðlist rétt til þátttöku í landsliði DSÍ verður annar aðilinn að ná minnst 14 ára aldri á almanaksárinu.

Samþykkt á stjórnarfundum 25. nóvember 2019